



# GRUNNSKÓLINN Á ÍSAFIRÐI

---

við Austurveg - 400 Ísafjörður – sími: 450 8300

Netfang: [grisa@isafjordur.is](mailto:grisa@isafjordur.is) - Heimasíða: <http://www.grisa.isafjordur.is>

Fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar

b/t Hafðísar Gunnarsdóttur, sviðsstjóra Skóla- og tómstundasviðs.

Efni: Skólalóð Grunnskólans á Ísafirði

Hér með óskast að skólalóðin við Grunnskólann á Ísafirði verði tekin til skoðunar. Það er ýmislegt sem þarfnast lagfæringar t.d. hafa verið fjarlægð leiktæki sem eru úr sér gengin og einnig hreystibraut sem ekki var vottuð af þar til bærum aðilum. Það hefur ekkert komið í staðinn og eru bara sárin eftir og reynt að fylla upp í þau sem ekki hefur tekist.

Fótboltavöllurinn í portinu við skólann er illa farinn og vantar búta í gervigrasið. Körfurnar sem eru við hlið fótboltavallarins eru illa farnar og ekkert undirlag. Einnig eru girðingar illa farnar og sums staðar farnar í sundur. Ég læt hér fylgja myndir og tillögur frá Viðari Kristinssyni húsverði þar sem hann tók myndir af því sem þarfnast lagfæringar.

Virðingarfyllst,

Sveinfríður Olga Veturliðadóttir, skólastjóri